



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Spænska – 1. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og læra nemendur ný orð og málnotkun í gegnum sögur og lög sem tengjast hverju þema. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 1. bekk eru eftirfarandi: Algengar kveðjur og líðan, litir, tölur upp í 10, hlutir í skólastofunni, hrekkjavakan, matur, fjölskyldan, hefðir í kringum jól og áramót, orðaforði í tengslum við árstíðir, dýr og byggingar. Einnig gera nemendur samvinnuverkefni í spænsku og ensku í tengslum við Evrópska tungumáladaginn, þakkargjörðarhátíðina (þakklæti) og Valentínusardaginn (vinátta). Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

Matsviðmið

Frásögn

Nemandi getur talið upp á 10.

Nemandi getur sagt litina á spænsku.

Nemandi getur sagt heiti yfir fjölskyldumeðlimi á spænsku.

Lesskilningur

Nemandi getur tengt orðaforða við myndir.

Meningarlæsi

Nemandi getur sungið einföld lög á spænsku.

Námshæfni

Nemandi þekkir orðaforða yfir hluti í skólastofunni.

Nemandi þekkir orðaforða yfir mat og drykk.

Nemandi þekkir orðaforða yfir ýmis dýr.

Nemandi getur unnið verkefni sem einstaklingur, í þorum og hópum.

Ritun

Nemandi getur skrifað einfaldan orðaforða og setningar tengt námsefni.

Samskipti

Nemandi getur notað algengar kveðjur.

Nemandi getur spurt og svarað um líðan.

Virgni og samskipti

Nemandi getur tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Nemandi getur sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu og tillitssemi.

Námsmat

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og verkefni sem nemendur hafa unnið. Símat fer fram yfir veturinn í gegnum Mentor.

Yfirfarið og uppfært af tungumálateymi í október 2024.